



Loftslagsstefna þjóðgarðsins á Þingvöllum

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum starfar eftir stefnumörkun þar sem framtíðarsýn fyrir þjóðgarðinn er birt. Í henni er kveðið á um að allir þættir sem snúa að starfsemi skuli taka mið af sem sjálfbærustum og umhverfisvænstum rekstri.

Framtíðarsýn:

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er til fyrirmyndar í loftslagsmálum og stefnir að því að draga úr losun CO₂ frá starfsemi sinni um 30% frá árinu 2019 til ársins 2024. Þjóðgarðurinn stefnir einnig á að binda meira kolefni en hann losar og verða kolefnishlutlaus árið 2030.

Meginmarkmið loftslagsstefnu – draga úr losun

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum stefnir á að verða kolefnishlutlaus stofnun árið 2030.

Stefnt að því að draga úr losun á koltvísýringi frá stofnuninni:

Vegna samgangna:

Stefnt er að því að minnka losun á koltvísýringi vegna samgangna um 15% á ári miðað við ársverk árið 2019.

- Akstur á vegum þjóðgarðs
- Akstur til og frá vinnu
- Flug innanlands og erlendis

Vegna innkaupa:

Stefnt að því að 90% rekstrarvara þjóðgarðsins séu umhverfisvottaðar árið 2022

Unnið að því að öll innkaup, sem möguleg eru hjá stofnuninni vegna fjárfestinga eða kaupa á vörum, endursöluvörum og þjónustu innan þjóðgarðsins, séu vistvæn. Stuðst við innkaupastefnu og umhverfisstefnu þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Vegna orkunotkunar:

Stefnt er að því að minnka orkunotkun um 5% á ársverk/gesti árið 2022

- Fasteignir - orkusparnaðaraðgerðir

Vegna úrgangs:

Stefnt er að því að minnka úrgang um 10% miðað við ársverk/gesti árið 2022

Unnið að því að draga úr myndun úrgangs í þjóðgarðinum og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu hjá starfsfólki og gestum. Ruslatunnum fyrir almennan úrgang fækkað og flokkunartunnum fjölgað við þjónustustöðvar. Nánar er kveðið á um meðhöndlun sorps í umhverfisstefnu þjóðgarðsins á Þingvöllum.



Vegna landnotkunar:

Stuðst er við stefnumörkun þjóðgarðsins á Þingvöllum þegar markmið til þess að draga úr losun vegna landnotkunar eru sett fram.

Kveðið á um landnotkun í stefnumörkun þjóðgarðsins. Landnotkun og skipulag á Þingvöllum miðar að því að vernda ásýnd, menningarlandslag og vistkerfi svæðisins en stuðlar jafnframt að ánægjulegri dvöl þeirra sem heimsækja þjóðgarðinn. Höfuðforsenda skipulags og uppbyggingar í þjóðgarðinum er sú að landið og sérkenni þess, vistkerfi og menningarminjar sé verndað í sjálfbæru ástandi. Í skipulagsáætlunum er tiltekin gerð og umfang þeirrar starfsemi sem leyfð er á hverju svæði ásamt kröfum sem starfsemin þarf að uppfylla um sjálfbærni og umhverfisvernd.

Vegna atvinnuuppbyggingar:

Atvinnustefna.

Í þeim lögum sem gilda um þjóðgarðinn á Þingvöllum er kveðið á um þeir sem reka atvinnutengda starfsemi innan þjóðgarðsins þurfi að gera samning þar að lútandi. Stefnt er að því að vinna við atvinnustefnuna hefjist á haustmánuðum 2022 og verði lokið í mars 2023.

Kolefnisbinding (CO₂)

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri en einnig kolefnisjafna alla eftirstandandi losun með kaupum á vottuðum kolefniseiningum frá og með árinu 2022.

Á gildistíma loftslagsstefnunnar er unnið að uppgræðslu lands á skilgreindum svæðum innan þjóðgarðsins í samvinnu við Landgræðsluna.

- Uppgræðsla ógróinna mela (Landgræðslan). Uppgræðsluverkefni hófst á 24 hekturum innan þjóðgarðsins vorið 2021 og verður framhaldið til ársins 2024

Stefnt að því að greina hvort frekari sóknarfæri séu innan þjóðgarðsins til að binda kolefni í samvinnu við viðeigandi fagstofnanir:

- Samvinna við Skógræktina
- Aðrar leiðir, til dæmis nýting seyru til uppgræðslu á rofnum svæðum umhverfis Þingvelli

Mælanlegur árangur

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum stefnir að því að hafa lokið innleiðingu Grænna skrefa í ríkisrekstri árið 2022. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum skilar grænu bókhaldi ár hvert.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er þátttakandi í Grænum skrefum í ríkisrekstri og grænu bókhaldi. Með græna bókhaldinu gefst þjóðgarðinum tækifæri til að setja sér markmið um samdrátt í losun og halda vel utan um þau markmið.



Aðgerðaáætlun loftslagsstefnu

Áherslur í loftslagsstefnu þjóðgarðsins á Þingvöllum

| Aðgerð | Ábyrgð | Verklok |
|--|---|---------------|
| Þjóðgarðurinn á Þingvöllum skilar grænu bókhaldi ár hvert og tekur þátt í Grænum skrefum í ríkisrekstri. Áætlað er að ljúka öllum skrefum í lok árs 2022. | Þjóðgarðsvörður Fjármálastjóri Verkefnastjóri | Desember 2022 |
| Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur sett sér umhverfisstefnu, samgöngustefnu og innkaupastefnu loftslagsstefnunni beint og óbeint. Unnið verður að því að samræma þessar stefnur. | Þjóðgarðsvörður Fjármálastjóri Verkefnastjóri | Maí 2023 |

Meginmarkmið

| Aðgerð | Ábyrgð | Verklok |
|--|---|----------------------|
| Þjóðgarðurinn á Þingvöllum stefnir að því að hafa lokið innleiðingu Grænna skrefa í ríkisrekstri árið 2022 | Þjóðgarðsvörður Fjármálastjóri Verkefnastjóri | Desember 2022 |
| Þjóðgarðurinn á Þingvöllum skilar grænu bókhaldi ár hvert | Þjóðgarðsvörður Fjármálastjóri Verkefnastjóri | Mars |
| Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er kolefnishlutlaus stofnun | Þjóðgarðsvörður Fjármálastjóri Verkefnastjóri | 2030 |
| Þjóðgarðurinn á Þingvöllum minnkar losun á koltvísýringi vegna samgangna (ársverk) um 15% | Þjóðgarðsvörður Fjármálastjóri Verkefnastjóri | Desember 2022 |
| Þjóðgarðurinn á Þingvöllum mun auka hlutfall umhverfisvottaðra vara í innkaupum í 90% | Þjóðgarðsvörður Fjármálastjóri Verkefnastjóri | Desember 2022 |
| Þjóðgarðurinn á Þingvöllum mun minnka úrgang um 10% á ársverk/gesti | Þjóðgarðsvörður Fjármálastjóri Verkefnastjóri | Desember 2022 |
| Þjóðgarðurinn á Þingvöllum mun minnka orkunotkun húseigna um 5% á ársverk/gesti | Þjóðgarðsvörður Fjármálastjóri Verkefnastjóri | Desember 2022 |
| Samstarf og samráð við fagstofnanir um bindingu kolefnis innan þjóðgarðsins | Þjóðgarðsvörður Fjármálastjóri Verkefnastjóri | Samstarf þegar hafið |

Endurskoðun stefunnar

| Aðgerð | Ábyrgð | Verklok |
|--|------------------------------------|--------------|
| Loftslagsstefna er endurskoðuð á 3 ára fresti eða oftár ef þörf krefur | Þjóðgarðsvörður Verkefnastjórar | Október 2024 |

Þingvöllum, október 2022

Einar Á. E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður